

# *Brautarholts- og Gnúpverjaskóli*

Skóli á grænni grein



Verkefnastjóri Bolette Høeg Koch

# Umhverfisstefna Brautarholts- og Gnúpverjaskóla

## Yfirmarkmiðið er að:

- bæta umhverfiskólans
- bæta umhverfisvitund nemenda og starfsmanna
- auka þekkingu nemenda og virðingu fyrir umhverfinu
- minnka sorpið sem frá okkur fer
- nemendur læri að flokka sorp og spara orku

## Áætlun fyrir veturinn 2002-2003:

### Að nemendur og starfsfólk:

- flokkuðu lífrænt rusl
- flokkuðu pappír
- flokkuðu fernur
- slökktu ljósið þegar farið var út úr stofunni

### Að bílstjórar:

- drápu á bílunum fyrir utan og skólann

### Að skólinn:

- keypti og notaði hreingerningar efni sem er vottað með umhverfisvottun

## Áætlun fyrir veturinn 2003-2004

- að bæta fræðslu til nemenda og foreldra
- að hafa umhverfisstefnuna sýnilegri
- skipuleggja hreinsunardag í hverfinu
- minnka sápu- og handþurrkunotkun

# Umhverfissáttmáli í Brautarholts- og Gnúpverjaskóla veturinn 2003-2004

Þegar við flokkum

Í **moltugerðartunnuna** fer:

- ávextir
- brauð
- grænmeti
- fiskur
- kjöt
- eggjaskurn
- kaffikorkur
- eldhúspappír
- sag úr smíðastofunni

Allur **pappír** sem er fullnýttur

Við erum með tvo kassa í öllum stofum. Einn fyrir pappír sem hefur verið notaður öðru megin og hinn fyrir pappír sem er fullnýttur. Þetta fer svo allt í pappírsgám Sorpstöðvar Suðurlands.

**Fernur** eru nýttar til þess að búa til pappír eða settar í gám frá Sorpstöð Suðurlands.

**Rafhlöður** eru flokkaðar sér og skilað til Sorpstöðvarinnar.

Með því að senda heim bréf um starf skólans og halda fræðslufundi er stuðlað að **bættri fræðslu** nemenda og foreldra.

**Umhverfisstefna** skólans verður hengd upp í anddyri skólans og einnig sett inn á vef hans.

**Hreinsunardagurinn** í hverfinu verður skipulagður í samvinnu við sveitarfélagið. Væntanlega í maí á hverju ári. Skólinn ætlar sér líka að halda eigin hreinsunardag á hverju hausti.

Með því að hengja upp skilti og fræða nemendur er reynt að **halda sápu- og handþurrkunotkun í lágmarki**.

Greinargerð sem fylgir umhverfisgátlista fyrir skóla á grænni grein.  
<http://www.landvernd.is/myndir/Umhverfisgatlisti.doc>

Innkaup / nýtni bls. 2-3

1. Skólinn hefur keypt húsbúnað hjá ÁG húsgögnum og okkur hefur tekist að halda skemmdarverkum í lágmarki, passað að láta yfirdekkja stóla og nýtt húsgögnin vel.
2. Við höfum ekki getað notað handklæði eftir að heilbrigðiseftirlitið bannaði okkur það.
3. Rafhlöður eru mjög lítið notaðar hjá okkur. Þegar vasareiknar eru endurnýjaðir eru þeir keyptir með sólarorkurafhlöðu.
4. Mjólkurnotkun er í of litlum mæli í svo lítilli stofnun til þess að við gætum fengið svokallaðar kýr. Hér eru keyptar lítersfernur og nemendur fá mjólk í glasi sem er þvegið og nota aftur.
5. Morgunhressing er útbúin í skólanum og það er mötuneyti í hádeginu. Þannig að hér er enginn með nesti.
10. Við notum plastpoka í ruslið en skiptum þeim ekki út nema þeir séu orðnir ónothæfir.

Meðhöndlun á rusli bls. 4-5

3. Við sendum flokkuðu hlutina okkar til Sorpstöðvar Suðurlands og þar er allur pappír aðeins flokkaður í einn flokk. Þannig að við höfum ekki möguleika á að flokka í gæða pappír og blandaðan pappír.

Innkaup / rekstur bls. 6-7

1. Við höfum verið í vandræðum með prentara og ljósritunarvél og höfum þess vegna þurft að skipta um pappír mörgum sinnum til þess að finna einhverja gerð sem vélarnar taka við. Þess vegna höfum við ekki getað keypt vottaðan pappír. Allt tölvukerfið er leigt hjá TRS á Selfossi og höfum við þar með enga stjórn á hvaða vélar eru keyptar.
4. Við kaupum ekki blýanta, nemendur skaffa þá sjálfir.
8. Í svona lítilli stofnun eru takmörk fyrir því stórt er hægt að kaupa inn.

Umgengni og nánasta umhverfi bls. 8-9

7. Við erum hér með mjög skemmtilega skólalóð, hér eru móar, grjót, hólar, ræktuð tré og grasfletir. Það er mjög stutt í ár og læki sem eru

notaðir markvisst í kennslu. Við ræktum ekki matjurtir heldur tré og blóm.

11. Skólinn græðir upp land nálægt bænum Stöng í Þjórsárdalnum, svæðið heitir Hrossártunga. Þetta er gert í samstarfi við Landgræðslu Ríkisins. Við höfum sáð melgresi, borið á, tínt birkifræ og sáð. Eins höfum við með aðstoð Landgræðslunnar klippt stiklinga í móanum umhverfis skólann og stungið þeim niður, þannig er sá gróður ræktaður sem fyrir var í umhverfinu. Nemendur hér eru mjög meðvitaðir um friðun lands. Hér er Þjórsárvera umræðan mjög ofarlega í hugum nemenda.

#### Flutningur og ferðir bls. 10

1. Nemendur koma allir með skólabíl fyrir utan þá sem eru í göngufæri við skólann. Við höfum engan strætisvagn eða aðra möguleika vegna fjarlægða.
3. Hér er ekki möguleiki fyrir nemendur né kennara að hjóla í skóla.
5. Við kaupum íslenskar vörur ef þær eru til hjá viðskiptaaðila okkar.
6. Við kaupum íslensk matvæli.

#### Orka og vatn bls. 12-13

1. Skólinn er upphitaður af hitaveitu sveitarinnar og kalda vatnið kemur frá einnig úr sveitaveitunni.
9. Við leigjum húsnæðið með hita og vatni og höfum þar með enga aðstöðu til þessa að fylgjast með notkuninni af því.
14. Skólabyggingin er það nýleg að ekki hefur verið þörf fyrir að endurnýja hreinlætistöki.

#### Kynning og menntun bls. 14-15

2. Við þurfum að athuga þennan þátt betur, sjá áætlun 2003-2004.
5. Nemendur fá útikennslu haust og vor. Nemendur veiða smádýr í læknum og sækja sér grjót og gróður til frekari úrvinnslu inni í skólanum.
10. Á haustin eru farnar ferðir í samvinnu við Landgræðsluna og á vorin hefur verið farið í gönguferðir að Þjórsá eða í hjólreiðaferðir um sveitina.

# Kennslumarkmið í umhverfismennt í Brautarholts- og Gnúpverjaskóla

1. bekkur

Markmið:

- séu meðvituð um umhverfi sitt
- beri virðingu fyrir náttúrunni og temja sér hirðusemi í umgengi

Námsgögn:

Ruslaskrímslið

2. bekkur

Markmið:

- Að nemendur kynnist gróðurhúsaáhrifum.

Námsgögn:

Græna handbókin (handbók fyrir kennara), Græna bókin.

3. bekkur

Markmið:

- læri að njóta náttúrunnar og skynji fjölbreytileika og fegurð hennar
- læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og vilji vernda hana
- geti lýst áhrifum sólarljóss á umhverfi sitt
- séu vaktir til umhugsunar um umhverfismál og umgengni við náttúruna

4. bekkur

Markmið:

- læri að njóta náttúrunnar og skynji fjölbreytileika og fegurð hennar
- læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og vilji vernda hana
- læri að afla sér þekkingar á náttúrunni
- kynnist því hvernig náttúran breytist eftir árstíðum
- kynnist umhverfisfræði

5. bekkur

Markmið:

- flokki pappír, fernur og lífrænt rusl
- tíni rusl á skólalóðinni
- endurnýti pappír í myndmennt
- fræði foreldra um umhverfismennt

Kennsluhættir: Reynt er að flétta umhverfismenntina inn í sem flestar greinar en hún verður sérstaklega tekin fyrir í náttúrufræði.

6. bekkur

Markmið:

- flokki pappír, fernur og lífrænt rusl
- tæmi lífræna ruslið í moltutunnuna
- tíni rusl á skólalóðinni
- endurnýti pappír í myndmennt
- fræði foreldra um umhverfismennt

Kennsluhættir: Reynt er að flétta umhverfismenntina inn í sem flestar greinar en hún verður sérstaklega tekin fyrir í náttúrufræði og lífsleikni.

7. bekkur

Markmið:

- flokki pappír, fernur og lífrænt rusl
- tæmi pappír sem fullnýttur er í endurvinnslu ílát
- tíni rusl á skólalóðinni
- endurnýti pappír í myndmennt
- endurnýti flíkur í textílmennt
- fræði foreldra um umhverfismennt

Námsgögn: Nemendur fara í gegnum námsefni á vefnum sem er sérstaklega búið til fyrir Brautarholts- og Gnúpverjaskóla. Slóðin á verkefnið er: <http://www.ismennt.is/not/bhk/umhverfis.htm>. Nemendur verða líka látnir vinna skrifleg verkefni.

Fræðsla í öllum bekkjum og til foreldra:

- senda bréf heim
- láta nemendur vinna verkefni við sitt hæfi
- láta nemendur taka fullan þátt í flokkun
- láta nemendur endurnýta pappír og flíkur

27. maí 2003 kl. 11:00

Fundur í stýrihóp um Grænfánann

Á fundinum voru Helga Hrönn Karlsdóttir, Auður Olga Arnarsdóttir, Guðný Stefanía Tryggvadóttir, Benjamín J. Plaggenborg, Auður Gróa Valdimarsdóttir, Sigríður Björg Gylfadóttir, Hrafnhildur Ágústsdóttir, Bergljót Þorsteinsdóttir, Bolette Høeg Koch, Anna María Flygenring og Hafdís Hafsteinsdóttir.

Tillögur barnanna ræddar. Hvað gengur vel og hvað ekki?

Þau lögðu til:

Meiri fræðslu til nemenda og foreldra

Að nýir nemendur fengju fræðslu

Að betur yrði fylgst með sápunotkun

Að velja dag fyrir hreinsunardag

Að stefna skólans ætti að vera aðgengileg og sjáanleg

Að settur yrði miði á handþurrkunarkassana á klósettunum

Orka yrði spöruð

Þeim fannst umhverfisþátturinn koma vel út.

Auður vildi endurnýta hluti, t.d. kassa.

Hrafnhildur benti á að það væri sápa á gólfinu og hún vildi fá að kaupa trefjaklúta. Henni fannst nemendur nota of margar handþurrkur, Bergljót tók undir það að sama vandamál væri í Brautarholti.

Fundinum var slitið 11:25. Fundarritari var Hafdís Hafsteinsdóttir.



## Umhverfismennt.

Ágætu foreldrar og forráðamen

Í Brautaholts- og Gnúpverjaskóla vinnum við að því markmiði að verða vottaður umhverfisskóli. Þegar því markmiði er náð fáum við leyfi til að flagga græna fánanum sem er alþjóðleg viðurkenning. Landvernd stýrir þessu verkefni í grunnskólum landsins. Við erum byrjuð að flokka lífrænt rusl í sérstakar fötur (geispur). Pappír í tvo flokka og fernur. Markmiðið er að minnka ruslið sem við látum frá okkur. Það var mikil framför fyrir okkur þegar morgunhressingin komst á í Gnúpverjaskóla. Þar með fækkaði fernum sem frá okkur koma mjög mikið. Nú eru aðeins 11 lítra mjólkurfernur eftir. Við reynum líka að minnka orkunotkun með því að slökkva ljós í stofunum, þegar ekki er verið í þeim.

Við óskum eftir stuðningi ykkar við þetta verkefni. Best væra að sem flestir tækju þetta upp hjá sér, og styddu þannig við börnin og starfið í skólanum. Umhverfisnefnd hreppsins er að bjóða upp á sameignleg innkaup af safnhaugskössum. Það er hægt að snúa sér til einhvers nefndarmanna og fá nánari upplýsingar.

Til þess að hjálpa ykkur af stað læt ég flokkunarkerfi okkar fylgja.

- Lífrænt: matarleifar(kaffikorgur), ydd, ávaxtahýði og eldhúspappír.
- Pappír: hér er hafður pappír sem búið er að skrifa á örðu megin og má nýta hinumegin.(til heimanota sem minnismiðar, teiknipappír eða krassblöð)
- Pappírslusl: hér eru settur pappír sem er fullnýttur og á að fara í pappírsgáminn ( við Gósen og sláturhúsið)
- Fernur: Þær eru látnar þorna og brotnar saman. Síðan er þeim raðað ofan í eina fernu og settar í gáminn fyrir fernur (við Gósen og sláturhúsið).

Fernur og pappír sem kemur í gámana hér í sveit eru sendir til Sorpu í Gufunesi. Þar er pappírnum og fernunum baggað sitt í hvoru lagi áður en siglt er með úrganginn til Svíþjóðar þar sem endurvinnsla fer fram og framleitt bréfsfni pappírspurrkur og fleiri pappírsvörur.

Ef einhverjar spurningar vakna eru ykkur velkomið að hafa samband við mig.

Bestu kveðjur Bolette

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 23. maí 2003

## Skýrsla um Grænfánann í Brautarholts- og Gnúpverjaskóla.

Gnúpverjaskóli var einn af stofnfélögum Grænfánans. Hann vann tvo vetur við að innleiða flokkun lífræns sorps, ferna og pappírs. Það var stofnuð umhverfisnefnd með þátttöku nemenda eins og gert er ráð fyrir. Það var lagt mat á umhverfismál með hjálp umhverfisgátlistans fyrir skóla á grænni grein.

Haustið 2002 voru Brautarholtsskóli og Gnúpverjaskóli sameinaðir. Þá var lagst í þá vinnu að koma Brautarholtsskóla upp á sama plan og Gnúpverjaskóli hafði verið. Tel ég að það hafi tekist á þessum vetri sem senn er að líða. Þess vegna sækjum við nú um Grænfánann fyrir Brautarholts- og Gnúpverjaskóla.

### Umhverfisnefnd

Í umhverfisnefnd hins sameinaða skóla situr Hafdís Hafsteinsdóttir fulltrúi stjórnenda, Sigríður B. Gylfadóttir fyrir hönd foreldra, Bergljót Þorsteinsdóttir og Hrafnhildur Ágústsdóttir fyrir ræstitækna og Bolette Høeg Koch fyrir hönd kennara. Nemendur í nefndinni eru Benjamín J. Plaggenborg, Auður Gróa Valdimarsdóttir, Bjarni Már Ólafsson, Guðný Stefanía Tryggvadóttir, Auður Olga Arnarsdóttir, Helga Hrönn Karlsdóttir. 5., 6. og 7. bekkur eiga tvo fulltrúa hver í nefndinni. Bekkirir kusu sína fulltrúa sjálfir í lýðræðislegri kosningu. Nemendum þótti gaman að fá tækifæri til að hafa sjálfir áhrif og komust færri að en vildu.

### Markmið

Nefndin fór sameiginlega yfir umhverfisgátlistann, mat stöðuna, setti markmið og hóf framkvæmdir á þeim. Markmiðin eru:

að nemendur og starfsfólk

- flokki lífrænt rusl.
- flokki pappír í tvo flokka.
- flokki fernur.
- slökkvi ljós þegar farið er út úr stofnunum.

að bílstjórar:

- drepi á bílunum fyrir utan skólann.

að skólinn:

- kaupi og noti hreingerningarefni sem er vottað með umhverfis vottun.

Inni í hverjum bekk er ílát fyrir lífræna ruslið. Á loki hvers íláts er leiðbeining um hvað má fara þar ofan í. Ílátið er tæmt tvisvar í viku og hefur 6. bekkur, skólaliðar og kennarar umsjón með því. Það hafa verið keyptar tvær moltugerðartunnur og eru þær staðsettar við sitt hvorn skólann.

Sorpstöð Suðurlands flokkar ekki pappír í marga flokka þannig að við höfum valið að flokka pappírinn í skólastofunum í tvennt. Annars vegar fullnýttan pappír sem búið er að skrifa á báðu megin og hins vegar pappír sem aðeins hefur verið notaður öðru megin og vel er hægt að nota fyrir minnismiða, krassblöð og teikningar. Í hverri stofu eru tveir kassar fyrir þessa flokka. Á kössunum eru leiðbeiningar um hvað er í hverjum þeirra. Einnig hefur kennurum verið gert að ljósrita báðu megin á blöð svo fremi sem það er framkvæmanlegt.

Gnúpverjaskóli hefur flokkað fernur lengi en eftir sameiningu skólanna hefur verið sameiginlegur morgunmatur. Þar með fer flokkun ferna aðallega fram í eldhúsum skólanna.

Í öllum herbergjum skólanna hefur verið sett upp spjald til þess að minna fólk á að slökkva ljósin þegar það yfirgefur stofuna. Þennan þátt hefur verið erfitt að venja fólk á.

Brautarholts- og Gnúpverjaskóli er skóli í dreifbýli. Börnunum er því ekið til og frá skóla. Þetta orsakar mikla umferð á skólaplaninu. Í markmiðum nefndarinnar kemur fram að bílstjórar eigi að drepa á vélinni á meðan þeir eru kyrrir á planinu. Eftir að bílstjórnir fengu fræðslu um verkefnið tóku þeir vel í þetta. Nefndin fékk líka leyfi til þess að setja upp skilti þar sem fólk er beðið um að drepa á bílvélinni.

Samkvæmt markmiðunum notar skólinn nú aðeins umhverfis vottaðar hreinlætisvörur.

## Fræðsla

Allir nemendur hafa fengið fræðslu og leiðbeiningar um stefnu skólans í umhverfismálum. 6. og 7. bekkur hafa unnið verkefni á netinu sem útbúið var sérstaklega í tengslum við þetta verkefni. Foreldrum hefur verið gerð skriflega grein fyrir verkefninu. Allir starfsmenn skólans hafa setið

kynningu og fengið útskýringar á þeim þáttum sem að þeim snúa. Einnig hefur verið haldin kynning fyrir íbúa hreppsins og er hreppurinn nú að hrind af stað tilraun með flokkun lífræns rusls á 25 bæjum. Þar með fá nemendur tækifæri til að nýta sér það sem þeir hafa lært um flokkun í skólanum úti í samfélaginu. Þetta má teljast góður árangur. Nú þegar hefur Búrfellsvirkjun sem er í okkar sveitarfélagi öðlast rétt til að flagga Grænfánanum.

Það er mat nefndarinnar að þeim markmiðum sem sett voru í upphafi hafi verið náð. Á þeim forsendum sækir Brautarholts- og Gnúpverjaskóli um að fá að flagga Grænfánanum.

Fyrir hönd nefndarinnar  
Bolette Høeg Koch